

Ed.

585. Frumvarp til laga

[301. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, er heimilt að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

- a. Skip merkir í lögum þessum, sé annað eigi fram tekið, hvert það far sem er 6 metra langt eða meira og skráð er í skipaskrár.
- b. Rúmlest er brúttórúmlest: 100 teningsfet ensk: 2.83 teningsmetrar.
- c. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem að jafnaði er notað til veiða, hafrannsóknna eða til flutninga á eigin afla.
- d. Flutningaskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutningaskip, er siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands og eigi er ætlað að flytja fleiri en 12 farþega.
- e. Farþegaskip merkir hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem ætlað er að flytja fleiri en 12 farþega.
- f. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
- g. Önnur skip merkir hvert það skip, sem skrásett er til annarra verkefna en um getur í staflíðum c-f.
- h. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.
- i. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu, þótt hafna sé ekki leitað.

II. KAFLI

Um fjölda skipstjórnarmanna.

2. gr.

Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

3. gr.

Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

1. Fiskiskip og önnur skip:

- a) á skipum 31—300 rúmlestir einn stýrimaður,
- b) á skipum stærri en 300 rúmlestir tveir stýrimenn.

II. Flutningaskip:

- a) á skipum 31—400 rúmlestir og minni einn stýrimaður,
- b) á skipum 401—1500 rúmlestir tveir stýrimenn,
- c) á skipum stærri en 1500 rúmlestir þrír stýrimenn.

III. Farþegaskip og varðskip:

- a) á skipum 400 rúmlestir eða minni tveir stýrimenn,
- b) á skipum stærri en 400 rúmlestir þrír stýrimenn.

Eigi er skylt að hafa stýrimenn á skipum, sem eru 40 rúmlestir eða minni, ef þeim er ætlað að leggja afla á land daglega.

III. KAFLI

Um atvinnuréttindi stýrimanna.

4. gr.

Eftirtalin stig skipstjórnarnáms, sbr. lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eru grundvöllur atvinnuréttinda sem hér segir:

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a) **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum,
- b) **2. stig:** Ótakmörkuð stærð.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

- a) **1. stig:** 240 rúmlestir og minni í innanlandssiglingum,
- b) **2. stig:** 1. 400 rúmlestir og minni,
2. Undirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð.
- c) **3. stig:** Ótakmörkuð stærð.

5. gr.

Atvinnuréttindi stýrimanna, sbr. 4. gr., eru bundin eftirfarandi siglingatíma með vísun til samsvarandi staflíða í 4. gr.

Af óskilgreindum siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf.

I. Fiskiskip og önnur skip:

- a) 24 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
- b) 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi og auk þess minnst 6 mánuði háseti á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip, farþegaskip og varðskip:

- a) 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
- b) 1. 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 30 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.
- 2. 30 mánuðir og af þeim tíma minnst 15 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

- c) 36 mánuðir og af þeim tíma minnst 18 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir, eða: 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi yfir 240 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði háseti á flutningaskipi, farþegaskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir.

Af siglingatíma þeim sem getið er í liðum a), b) og c) þarf minnst 6 mánaða hásetatíma á viðkomandi tegund skipa. Siglingatími á flutningaskipi gildir sama og siglingatími á farþegaskipi.

6. gr.

Siglingatími telst aðeins sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi, sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

Sé skipi lagt upp án þess að lögskráning úr skiprúmi fari fram skal geta þess í sjóferðabók. Liggi skip um kyrrt með þessum hætti lengur en $\frac{1}{5}$ hluta lögskráningartíma hlutaðeigandi stýrimannsefnis skal sá tími sem umfram er eigi reiknast til siglingatíma.

IV. KAFLI

Um atvinnuréttindi skipstjóra.

7. gr.

Til að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi 40 rúmlestir eða minna þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

- Kunna skil á siglingatækjum, stefnuleiðréttingum og setja stefnu og miðanir á sjókort, alþjóðareglum til að forðast árekstur, flóði og fjöru, vitakerfi, björgunarstöðvum og björgunartækjum, og lífgun úr dauðadái.
- Hafa verið í 12 mánuði háseti á skipi yfir 6 rúmlestir að stærð í innanlandssiglingum, sbr. 6. gr.

Vottorð um kunnáttu samkvæmt a-lið skal gefið af siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu. Ráðuneytið tilnefnir, eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, einn eða fleiri siglingafróða menn fyrir afmörkuð umdæmi til 5 ára í senn, til að veita skipstjóraefnum leiðbeiningar og halda próf samkvæmt framangreindu.

8. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á skipum yfir 40 rúmlestum að stærð hefur sá einn, sem hefur rétt til að gegna 1. stýrimannastöðu á tilgreindum skipum, sbr. 4. og 5. gr., og hefur eftir öflun stýrimannaskírteinis verið:

I. Fiskiskip og önnur skip:

- 12 mánuði stýrimaður á fiskiskipi yfir 40 rúmlestir.
- 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 40 rúmlestir og þar af minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir.

II. Flutningaskip og farþegaskip:

- Engin réttindi.
- 18 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 6 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 4 mánuði í utanlandssiglingum.
- 24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði 1. stýrimaður á flutningaskipi eða farþegaskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma minnst 6 mánuði í utanlandssiglingum.

- d) Heimilt er að gefa út skipstjóraskírteini í innanlandssiglingum samkvæmt staflidum b) og c) án þess að krefjast stýrimannstíma í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

Hefur lokið 4. stigi stýrimannaskóla.

24 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 100 rúmlestir og auk þess minnst 12 mánuði sem 1. stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir.

V. KAFLI

Um aldursskilyrði og læknisvottorð.

9. gr.

Enginn getur öðlast stýrimannaréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

10. gr.

Til þess að skipstjórnamaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum. Læknisvottorð skal endurnýjað á 10 ára fresti en þó má krefjast endurnýjunar oftár, ef sérstök ástæða er til.

VI. KAFLI

11. gr.

Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III. og IV. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem veita viðeigandi atvinnuleyfi.

Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

12. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

13. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýst af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

14. gr.

Allir þeir, sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

15. gr.

Peir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69 frá 1973, á skipum allt að 120 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 240 rúmlestum.

Peir sem hafa öðlast skipstjórnarréttindi á skipum allt að 120 rúmlestir fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast samskonar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a. m. k. 5 ár.

16. gr.

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla, eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóra-skírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. KAFLI

17. gr.

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

18. gr.

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

19. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

20. gr.

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmannanna.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt

I.

Þann 26. júní 1978 skipaði samgönguráðherra eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða lög nr. 72 13. maí 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum og lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum:

Kristín Gunnarsson, deildarstjóra (sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar), Andrés Guðjónsson, skólastjóra (tilnefndan af Vélskóla Íslands), Guðmund Hallvarðsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur (tilnefndan af Sjómannasambandi Íslands), Ingólf S. Ingólfsson, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (tilnefndan af því sambandi), Jón H. Magnússon, lögfræðing (tilnefndan af Vinnuveitendasambandi Íslands), Jónas Haraldsson, skrifstofustjóra (tilnefndan af Landssambandi íslenskra útvegsmanna), Jónas Sigurðsson, skólastjóra, (tilnefndan af Stýrimannaskólanum í Reykjavík) og Óskar Einarsson, deildarstjóra (tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna). Með bréfi samgönguráðherra frá 31. maí 1979 var nefndinni tilkynnt, að ákveðið hefði verið, að verksvið hennar yrði aukið, þannig að hún tæki einnig „til sérstakrar endurskoðunar lög nr. 63 frá 29. mars 1961 um lögskráningu sjómanna, sbr. lög nr. 71/1962 um breyting á þeim lögum“.

Haustið 1982 lét Ingólfur S. Ingólfsson af nefndarstörfum sökum heilsubreysts, en með bréfi, dags. 24. nóvember 1982, skipaði samgönguráðherra Helga Laxdal, vélfræðing, í nefndina í hans stað og var það gert eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þá var lokið frágangi frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Haustið 1982 var Páll Sigurðsson, dósent, ráðinn nefndinni til aðstoðar.

Nefndin hefur haldið marga fundi, þar sem viðfangsefni hennar hafa verið ítarlega rædd og einnig hafa nefndarmenn kynnt sér margvíslegar heimildir, erlendar jafnt sem íslenskar, sem snerta viðfangsefni nefndarinnar. Auk þess hefur verið haft samráð við ýmsa aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, og álitsgerða verið aflað. Þess má einnig geta sérstaklega, að starfsmaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sat nokkra fundi nefndarinnar eftir beiðni formanns hennar.

Sökum þess, að viðfangsefni nefndarinnar er þrjúþætt, þótti rétt að nefndin einbeitti sér að einum þætti í senn og er fyrsta þætti nefndarstarfsins lokið með samningu þess frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sem hér liggur fyrir. Nefndarmönnum varð snemma ljóst, að nauðsynlegt væri að l. 69/1973 yrðu endurskoðuð frá grunni og að lagt yrði til, að verulegar breytingar yrðu gerðar á efni og efnisskipan laganna, og þótti því rétt að samið yrði frumvarp til nýrra laga um þetta efni en ekki látið nægja að breyta sumum greinum núgildandi laga. Samt sem áður byggist efni frumvarpsins að mörgu leyti á ákvæðum l. 69/1973.

Með frumvarpi þessu fylgja einnig drög að reglugerð um sérstaka mönnunarnefnd, sem mælt er fyrir um í 18. og 19. gr. frumvarpsins.

Fyrstu lögin um þetta efni voru sett árið 1893 (lög um atvinnu við siglingar nr. 29 það ár) og voru þau sniðin eftir aðstæðum og kröfum þeirra tíma. Í því sambandi skal þess getið, að fastri kennslu í sjómannafræðum hafði þá verið komið á héraendis skömmu áður, sbr. l. 19/1890 um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi.

Um sama efni, þ. e. atvinnu við siglingar, komu síðan ný lög árið 1905 (nr. 50 það ár), en l. 42/1915 leystu þau síðan af hólmi.

Samkvæmt 2. gr. l. 42/1915 veitti minnsta prófið rétt til að vera formaður á 6—12 lesta skipi. Skilyrði var, að lagt væri fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi, um aðeins tvennt: a) að þekkja á áttavita, og b) að þekkja alþjóðareglur til að forðast ásiglingu.

Í 3.—4. gr. laganna var fjallað um svonefnt smáskipapróf, en það veitti rétt til skipstjórnar á 12—30 lesta skipi. Þar segir m. a.:

„Sá einn getur staðist skipstjórpróf fyrir smáskip, er:

- a) kann að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
- b) kann að nota áttavita og ber skyn á athvarf (deviation) og misvísun;
- c) kann að nota skipshraðamæli;
- d) þekkir björgunartækin og alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingu;
- e) sannar að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
- f) hefir stundað siglingaatvinnu minnst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vélbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta.“

III. kafli laganna hljóðar svo:

5. gr.

„Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi og í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini á fiskiskipi.“

6. gr.

„Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðist hefir fiskiskipstjórpróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefir verið stýrimaður í 24 mánuði á skipi yfir 30 lesta;
- c. er fullveðja;
- d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar að sjón hans sé svo fullkominn, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

7. gr.

„Rétt til að vera stýrimaður á íslensku fiskiskipi í innan- og utanlandssiglingum og stýrimaður á íslensku verslunarskipi í innanlandssiglingum, eigi yfir 300 lesta að stærð, hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannaskírteini á fiskiskipi.“

8. gr.

„Sá einn getur öðlast stýrimannaskírteini á fiskiskipi er:

- a. staðist hefir fiskiskipstjórapróf, eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefir verið fullgildur háseti á skipi, yfir 30 lesta, eigi styttri tíma en 18 mánuði;
- c. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- d. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

Í IV. kafla sagði:

9. gr.

„Rétt til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi og skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi, sem er stærra en 300 lesta, hefir sá einn, sem fengið hefir skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum. Sé um gufuskip að ræða, hefir sá einn réttinn, sem fengið hefir einnig skírteini það, er um getur í 11. grein.“

10. gr.

„Sá einn getur öðlast skipstjóraskírteini í utanlandssiglingum, er:

- a. er fullveðja;
- b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
- c. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn;
- d. hefir staðist hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- e. hefir verið stýrimaður eigi skemur en 24 mánuði á verslunarskipi í utanlandssiglingum, og af þeim tíma eigi skemur en 12 mánuði yfirstýrimaður, eða einn stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum eða hefur verið 12 mánuði skipstjóri á fiskiveiðaskipi í utan- og innanlandssiglingum og 12 mánuði stýrimaður á verslunarskipi í utanlandssiglingum.“

Lögunum frá 1915 var breytt með l. 28/1922 og síðan endurútgefin sem l. 40/1922. Í l. 28/1922 segir m. a.:

2. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. „30 lestir“ komi:

60 rúmlestir.

Orðið „rúmlest komi alstaðar í lögum þessum fyrir orðið „lest“ (tonn).“

3. gr.

4. gr. hljóði þannig: „Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini fyrir smáskip, er:

- a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
- b. hefir verið stýrimaður minnst 8 mánuði á skipi eigi undir 12 rúmlestir,
- c. er fullveðja,
- d. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.
- e. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

4. gr.

„5. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

„Rétt til að vera stýrimaður á íslensku skipi alt að 60 rúmlesta í innanlandssiglingum hefir sá einn, sem fengið hefir stýrimannsskírteini á smáskipi.“

5. gr.

„6. gr., sem er ný grein, hljóði þannig:

„Sá einn getur fengið stýrimannaskírteini á smáskipi, er:

- a. staðist hefir smáskipapróf eða önnur æðri íslensk siglingapróf,
- b. hefir eigi verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- c. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.“

6. gr.

„7. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Sá einn getur staðist smáskipapróf, er:

- a. kann að marka stað skips á sjávarupprátt og hefir nægilega þekkingu á sjávaruppráttum og notkun þeirra yfir höfuð,
- b. kann að nota kompás og ber skyn á segulskekkju og misvísun,
- c. kann að nota skriðmæli og vegmæli,
- d. þekkir björgunartækin, hin alþjóðlegu neyðarmerki og alþjóðareglur til að forðast ásiglingu,
- e. sannar, að sjón hans sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn,
- f. ritar íslensku stórlýtalaust,
- g. hefir verið háseti eftir 16 ára aldur að minnsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, eða verið formaður á vélbát ekki minni en 10 rúmlestir í 24 mánuði.“

Á næstu árum urðu nokkrar breytingar á lögum þessum, sbr. einkum l. 49/1925 og l. 31/1931, en einnig skipta hér máli l. 50/1924 og l. 23/1935. Árið 1936 gengu í gildi ný og mjög ítarleg lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, sem urðu síðar grundvöllur laganna frá 1945 og 1946, sem síðar getur. Í lögnum frá 1936 er t. d. fyrst getið um heimild til að halda sérstaka deild fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins. Sú heimild var þó fyrst notuð árið 1953, en með lögum nr. 52/1968 var skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins gert að skyldu fyrir skipstjóraréttindi á varðskipum.

Árið 1945 komu ný lög um þetta efni, þ. e. l. 68/1945 um atvinnuréttindi á íslenskum skipum, sem síðan voru endurútgefin í breyttri mynd sem l. 66/1946. Var þar um viðamikinn lagabálk að ræða, sem einnig hafði að geyma (auk ákvæða um skipstjóra og stýrimenn) ítarlegar reglur um vélamenn á mótorskipum og eimskipum. Í l. 66/1946 eru m. a. ítarleg ákvæði um réttindi skipstjórnarmanna, sem birt eru orðrétt í viðauka þessarar greinargerðar.

Á l. 66/1946 voru síðan gerðar ýmsar breytingar á næstu árum, en lagabálkur þessi myndaði þó, að stofni til, grundvöll síðari laga um þetta efni, og svo er enn.

Árið 1966 voru sett sérstök lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum (nr. 72 það ár) og hafa ákvæði um réttindi þeirra ekki síðan verið í hinum almennu lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Lög nr. 52/1968 komu síðan í stað l. 66/1946, en óþarfi er að rekja hér ákvæði þeirra, sökum þess að gildistími þeirra varð ekki langur, því að núgildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 69/1973 leystu það bráðlega af hólmi. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til l. 52/1968 segir orðrétt:

„Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögnum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki síst með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnuhátta. Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er. Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldast síðan gildandi lög voru sett.“

Helstu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verslunar- eða varðskipi, eru felldar niður.
2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.

3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verslunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5. Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu stytur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verslunarskipum.

Þá er og aldurstakmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skyldan til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.“

Um l. 69/1973, sem nú gilda um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, skal ekki fjölyrt hér, en látið nægja að tilgreina eftirfarandi ummæli úr greinargerð sem fylgdi frumvarpi til þeirra, er það var lagt fyrir Alþingi:

„Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22 3. maí 1972. Vegna þeirra breytinga, sem þar voru gerðar frá eldri lögum, þótti nauðsynlegt að taka til athugunar lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 52 2. maí 1968, til samræmingar við hin nýju lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ný lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem nú liggja fyrir Alþingi, gera ráð fyrir samræmdum breytingum . . . Þar sem orðalagsbreytingar og fleiri breytingar ná til flestra greina laganna, þykir eðlilegra að leggja fram nýtt frumvarp að lögum í heild, heldur en að gera breytingartillögur um hverja einstaka grein fyrir sig. Meginbreytingin frá eldri lögum er sú, að þar sem samræmt hefur verið námsefni annars bekkjar farmannadeildar og annars bekkjar fiskimannadeildar, hljóta þeir, sem ljúka prófi úr öðrum bekk stýrimannaskólanna, sömu réttindi, en eftir eldra fyrirkomulagi var því ekki svo varið. Þau réttindi, sem annars bekkjarpróf veitir nú, samkvæmt nýjum lögum um stýrimannaskólana, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á verslunarskipum, allt að 400 rúmlestir í innan- og utanlandssiglingum, eða samskonar réttindi og fiskimannapróf annars stigs veitir nú. Ennfremur undirstýrimannsréttindi á verslunar- og varðskipum, eða samskonar og farmannapróf annars stigs veitir nú. Þessi réttindi (þ. e. undirstýrimannsréttindi) á verslunarskipum og varðskipum eru tímabundin samkvæmt gildandi lögum, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að þau verði varanleg. Rétt þykir að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt, nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig, að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar, nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum, og ekki á verslunar- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim. Í frumvarpi þessu eru tekin upp orðin skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs í stað farmanna- og fiskimannapróf viðkomandi stiga. Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim lokaréttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi, þ. e. skipstjóraréttindi.“

Þegar á heildina er lítið er ljóst, að frá því að löggjafinn tók fyrst að setja reglur um atvinnuréttindi á íslenskum skipum og um stýrimannanám hefur þróunin orðið sú, að námskröfur hafa sífellt aukist og starfskröfur einnig, hvað varðar þekkingu, enda hefur á þessum tíma orðið gjörbreyting á skipastól landsmanna og siglingum. Hafa skipin almennt stækkað og allur tæknibúnaður vaxið og orðið flóknari. Í stórum dráttum má segja, að

löggjöf um stýrimannafræðslu og lagasetning um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna hafi fylgst að, hvað raunhæfar kröfur snertir, en miklu varðar að viðkomandi stjórnvöld og löggjafarvaldið hafi vakandi auga með því, að löggjöf um þetta efni sé ætíð í fullu samræmi við þarfir tímans. Á hinum síðustu árum hafa námskröfur til stýrimannaprófs í reynd verið þyngdar allmjög og námsefni aukist að mun, til samræmis við námskröfur í hliðstæðum skólum í grannlöndum okkar. Verður að teljast sanngjarnt, að aukin starfsréttindi fylgi auknu og bættu undirbúningsnámi og er með frumvarpi þessu m. a. leitast við að koma til móts við hagsmuni viðkomandi aðila að þessu leyti. Má í því sambandi sem dæmi nefna, að ákvæði frumvarpsins um aukin atvinnuréttindi eftir 1. stigs próf (á skipum 240 rúml. og minni í stað skipa allt að 120 rúml. að gildandi lögum) byggist á lengingu námstímans úr 6 mánuðum í 8½ mánuð fyrir þetta próf og þar með auknu námsefni.

III.

Hinar helstu breytingar, sem nefnd sú, er samið hefur þetta frumvarp, leggur til að gerðar verði frá því, sem er eftir l. 69/1973, eru þessar:

1. Niðurskipan efnis verður í heild gerólik því, sem er eftir l. 69/1973.
2. Í stað orðsins „verslunarskip“, sbr. e-lið 2. gr. l. 69/1973, er í frumvarpinu notað orðið „flutningaskip“ (d-liður 2. gr. frumvarpsins). Hugtakið „farþegaskip“ er skilgreint sérstaklega, í stað þess að það felist í hugtakinu „verslunarskip“, sem notað er í gildandi lögum. Hugtakið „varðskip“ er nú skilgreint sérstaklega í 2. gr. frumvarpsins, en svo er eigi að gildandi lögum, og sama er um orðalagið „önnur skip“.
3. Ákvæði 3. gr. gildandi laga eru að sumu leyti felld niður en að sumu leyti fléttuð inn í ákvæði annarra greina (sbr. einkum 7. gr. frumv.).
4. Í II. kafla frumvarpsins, um fjölda skipstjórnarmanna, telst það einkum til nýmæla, að lagt er til, að einn stýrimaður verði á flutningaskipum 31—400 rúml., en í gildandi lögum ná þau mörk að 200 rúml. Þá er og miðað við að tveir stýrimenn séu á flutningaskipum 401—1500 rúml. í stað 200—1500 rúml., svo sem nú er. Sérákvæði eru tekin upp fyrir farþegaskip og varðskip. Ákvæði fyrir landróðrabáta miðast við 40 rúml. í stað 30 rúml. skv. gildandi lögum.
5. Ákvæðin í III. kafla frumvarpsins um atvinnuréttindi stýrimanna, hafa þessar breytingar helst í för með sér varðandi fiskiskip og önnur skip: 1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir réttindi á skipum 240 rúml. og minni í stað allt að 120 rúml. skv. gildandi lögum. Helmingur siglingatímans á skipi yfir 40 rúml., mátti áður allur vera á skipi yfir 12 rúml. 15 mánaða hásetatími á skipi yfir 100 rúml., skv. frumv., kemur í stað 12 mánaða tíma á skipi yfir 30 rúml. Auk þess felst breyting í ákvæðum frumv. um það ef viðkomandi hefur verið skipstjóri eða stýrimaður á minni skipum. Í 2. mgr. 6. gr. frumv. er það nýmæli tekið upp að af óskilgreindum siglingatíma megi 6 mánuðir vera við önnur störf en skipstjóra-, stýrimanns-, eða hásetastörf. Um flutningaskip, farþegaskip og varðskip vísast að þessu leyti til þess, sem síðar segir um einstakar greinar frumvarpsins.
6. Varðandi IV. kafla frumvarpsins skal einkum tekið fram, að stærðarmörkum er, skv. 8. gr. frumv., breytt úr 30 rúml. í 40 rúml. og að hásetatími skal vera 12 mánuðir í stað 18 mánaða. Í 9. gr. frumv. er m. a. það nýmæli, að heimilað er að gefa út skipstjóra-skírteini í innanlandssiglingum án stýrimannstíma í utanlandssiglingum.
7. Varðandi V. kafla frumvarpsins um aldursskilyrði og læknisvottorð, má benda á, að ekki er þar miðað við lögræði, svo sem er að gildandi lögum, heldur einungis miðað við tiltekinn aldur, og þá aðeins notast við eitt aldursmark.
8. Í 17. gr. frumvarpsins eru athyglisverð nýmæli, sem snerta atvinnuheimild erlendra ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan eða erlendan skóla, og íslenskra ríkisborgara, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, — hvort tveggja að fullnægðum nánari skilyrðum.

9. Í 18. og 19. grein frumvarpsins eru ákvæði um skipan og starfsemi sérstakrar „mönnunarnefndar“, sem eru algert nýmæli.
10. Að lokum má nefna, að lagt er til, að reglur þær um gerð og efni sjóferðabóka, sem nú eru í 28. gr. l. 69/1973, verði ekki lengur í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Telur nefndin, að ákvæðum þessa efnis sé betur skipað í sjómannalögum eða reglum, sem settar séu með heimild í þeim, og hefur nefnd sú á vegum samgönguráðuneytis, sem á að endurskoða núgildandi sjómannalög og siglingalög, hugað að þessu atriði, svo sem fram kemur í frumvarpi til nýrra sjómannalaga, sem væntanlega verður lagt fyrir ráðherra um svipað leyti og það frumvarp, sem hér liggur fyrir.

IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. samsvarar í meginráttum 1. gr. l. 69/1973, en þær orðalagsbreytingar, sem gerðar eru, þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Síðari hluti greinarinnar svarar að mestu til efnis 2. gr. l. 69/1973, en þó eru gerðar nokkrar breytingar, sem til glöggvunar horfa, varðandi flokkun skipa og skilgreiningar á hugtökum í því sambandi. Óþarfi þykir að taka upp í frumvarpið efni c- og h-liða 2. gr. l. 69/1973.

a-liður

Svarar til a-liða 2. gr. gildandi laga, en efnið þó sniðið að þörfum nútímans.

b-liður

Sama og b-liður 2. gr. gildandi laga.

c-liður

Svarar að mestu til d-liðs 2. gr. gildandi laga, en orðalag þó einfaldað og hafrannsóknaskip sérstaklega nefnd, en þau eru reyndar skráð sem fiskiskip.

d og e-liðir

Samsvarar að nokkru leyti e-lið 2. gr. gildandi laga, en í stað orðsins „verslunarskip“ er nú, annars vegar, rætt um „flutningaskip“ og það hugtak skýrt nægilega í frumvarpinu, og hins vegar „farþegaskip“ í e-lið frumvarpsins. Skýring hugtaksins „verslunarskip“, svo sem það er notað í gildandi lögum hefur stundum valdið vafa, en orðalagi frumvarpsins er ætlað að bæta úr því efni.

f-liður

Hugtakið „varðskip“ er ekki skýrt sérstaklega í gildandi lögum, en ástæða er til að svo sé gert.

g-liður

Eðlilegt þykir að víkja í frumvarpinu sérstaklega að hugtakinu „önnur skip“, og er þá miðað við skráningu skipsins, þ. e. til hvaða verkefna það hefur verið skrásett. Sem dæmi má nefna sanddæluskip og þangskurðarskip.

h-liður

Svarar til f-liðs 2. gr. gildandi laga, en eðlilegast þykir nú að miða við íslenska fiskveiðilögsögu.

i-liður

Svarar til g-liðs 2. gr. gildandi laga, en sú breyting, sem frumvarpið hefur í för með sér, þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 2. og 3. gr.

2. og 3. gr svara að verulegu leyti til efnis 21. og 22. gr. gildandi laga, en framsetning efnis er nú með nokkuð öðrum hætti og auk þess nokkrar efnislegar breytingar gerðar.

Hvað varðar fiskiskip er helsta breytingin sú, að 300 rúmlesta skip þurfa ekki að hafa nema einn stýrimann (í stað tveggja skv. gildandi lögum), en hvað varðar flutningaskip, að einn stýrimaður skal vera á skipum 41—400 rúml., en nú er miðað við skip allt að 200 rúml. Tveir stýrimenn skulu vera á skipum 401—1500 rúml. í stað 200—1500 rúml.

Nauðsynlegt er að hafa í frumvarpinu sérákvæði um farþegaskip og varðskip, sem ekki þarfnast þó nánari skýringar, en ákvæðið um landróðrabáta miðast við 40 rúml. í stað 30 rúml. nú.

Um III. kafla.

Kaflinn fjallar um atvinnuréttindi stýrimanna. Efni 4. og 5. gr. frumvarpsins svarar í stórum dráttum til efnis 7., 8., 11., 12., 13. og 14. gr. gildandi laga, en efnisskipan er gerbreytt og er hún skýrari en nú er og miðast algerlega við tegundir skipa. Ýmsar efnislegar breytingar eru einnig gerðar frá því, sem nú er.

Um 4. gr.

I-a

1. stigs próf frá stýrimannaskóla veitir, skv. frumvarpinu, réttindi á skipum 240 rúml. og minni í stað allt að 120 rúml. áður. Rétt þykir, að sú aukning, sem orðið hefur á skipstjórnarnámi komi fram í auknum starfsréttindum viðkomandi manna.

I-b Óbreytt frá gildandi lögum.

II-a

Hér er um nýjan lið að ræða, því að eftir gildandi lögum er einungis höfðað til réttinda á fiskiskipum í þessu sambandi.

II-b og c

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

1. mgr.

Þarfnast ekki skýringar.

2. mgr.

Ákvæðið í 2. mgr. er nýmæli, en í gildandi lögum er einungis miðað við starfstíma sem háseti. Er þessi breyting að nokkru gerð eftir erlendri fyrirmynd.

3. mgr. I-a

Gert er ráð fyrir, að helmingur siglingatímans fari fram á skipi yfir 40 rúml., en má skv. gildandi lögum allur vera á skipi yfir 12 rúml.

I-b

Hér er miðað við 15 mánaða hásetatíma á skipi yfir 100 rúml. í stað 12 mánaða á skipi yfir 30 rúml. Meiri og betri starfsreynsla fæst á stærri skipum heldur en á smáskipum. Sama á við um síðari hluta þessa liðs.

II-a

Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem eigi þarfnast sérstakrar skýringar.

II-b

Hér kemur í megindráttum fram sama breyting og varðandi fiskiskipin en þessi ákvæði í frumvarpinu koma í stað hluta af 11., 12. og 13. gr. gildandi laga, en þó í breyttri mynd. Gert er ráð fyrir, að hluti af siglingatímanum fari fram á stærri skipum en nú er, sökum þess að þar fæst meiri og víðtækari starfsreynsla.

II-c

Þetta ákvæði kemur í stað hluta af 18. gr. gildandi laga, en í breyttri mynd. Þar kemur fram sama meginstefna og í hinum fyrirtöldu liðum. Hásetatími er færður niður ef viðkomandi hefur verið skipstjóri eða stýrimaður á fiskiskipi af tiltekinni lágmarksstærð.

4. mgr.

Enn sem fyrr er lögð áhersla á tiltekinn hásetatíma á viðkomandi tegund skipa sökum þess að í mörgum tilfellum nýtist starfsreynsla, sem menn ávinna sér á tiltekinni tegund skipa, lítt sem ekki varðandi störf á skipum, sem þjóna gerólíku hlutverki. Við störf á varðskipi afla menn sér t. d. ekki þekkingar á ýmsum verkþáttum, sem nauðsynlegir eru á flutningaskipum, svo sem er um allt er lýtur að lestun, losun og meðferð farms. Þykir því nauðsynlegt að hafa skilyrði um þetta í frumvarpinu.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr.

Ákvæði þessi svara að mestu til efnis 3. gr. b) í gildandi lögum, þó að undanskildum síðasta lið 3. gr., en það ákvæði var talið úrelt og óþarft.

3. mgr.

Samhljóða 4. mgr. 28. gr. 1. 69/1973.

Um IV. kafla.

Ákvæði þessa kafla hafa í för með sér ýmsar breytingar frá því sem er um atvinnuréttindi skipstjóra eftir gildandi rétti. Þegar á heildina er litið má segja að breytingarnar miði í sömu átt og hvað varðar stýrimannsréttindin.

Um 7. gr.

Grein þessi svarar að verulegu leyti til efnis 4. gr. núgildandi laga. Stærðarmörkum er breytt úr 30 rúml. í 40 rúml. Hásetatíminn er þó stytur frá því sem nú er (12 mánuðir í stað 18). Orðalag greinarinnar er einfaldað nokkuð frá því sem nú er.

Um 8. gr.

Efni þessarar greinar frumvarpsins svarar að mestu leyti til efnis 5., 6., 9., 10., 15., 16. og 20. gr. gildandi laga, en efnið hefur þó m. a. verið dregið saman og einfaldað.

I-a

Kemur í stað 6. gr. gildandi laga. Lágmarksstærð skips er nú miðuð við 40 rúml.

I-b

Kemur í stað 10. gr. gildandi laga. Breytingin þarfnast ekki skýringar.

II-a

Liður þessi er nýmæli, formlega séð, en hefur þó ekki í för með sér breytta niðurstöðu frá því, sem leiðir af gildandi lögum, en þar kemur þetta þó ekki nægilega skýrt fram. Eftir eins vetrar nám skapast ekki réttur til skipstjórnar á flutningaskipum.

II-b

Svarar til efnis 9. og 10. gr. gildandi laga. Rúmlestatala er hækkuð úr 30 rúml. í 100 rúml. (að lágmarki) með sömu rökum og fyrr hefur verið lýst.

II-c

Svarar til efnis 15. og 16. gr. gildandi laga. Lækkun á rúmlestatölu (úr 400 rúml. í 100) helgast af því að reynslan sýnir, að örðugt getur verið fyrir menn að fá stýrimannsstöður á flutningaskipum eða farþegaskipum, sem eru stærri en 400 rúmlestir og getur það skapað óeðlilegan og óæskilegan þröskuld fyrir því að hæfir og reyndir menn fái skipstjóraréttindi. Mælingarreglur hafa einnig leitt til óheppilegrar niðurstöðu í þessu efni.

Síðari hluti c-liðs er nýmæli, sem mikil þörf er fyrir, því erfitt hefur oft reynst að fá stýrimannsstöður í utanlandssiglingum.

III-liður

Svarar til 20. gr. gildandi laga. Um lökkun á rúmlestatölu vísast til þess, sem fyrr segir.

Um V. kafla

Um aldurskilyrði, lögræðisskilyrði og læknisvottorð eru nú allvíða ákvæði í l. 69/1973, en rétt þótti, þess í stað, að hafa ákvæði um þetta efni einungis í tveim greinum og voru ákvæðin þá m. a. jafnframt einfölduð nokkuð og þeim breytt smávegis.

Um 9. gr.

Hæfilegt aldursmark í þessu sambandi telst vera 20 ár, enda eru lítil líkindi til að menn geti í raun (einkum vegna reglna um reynslutíma) fullnægt öðrum skilyrðum til starfsréttinda fyrir en þeim aldri er náð. Skipsstjórnarstörfum fylgir mikil ábyrgð og er að sjálfsögðu nauðsynlegt að viðkomandi hafi náð nokkrum aldursþroska og lífsreynslu til þess að mega gangast undir þá ábyrgð. Óþarfi þykir hins vegar að gera lögræði að skilyrði starfsréttinda, svo sem nú er.

Um 10. gr.

Ákvæði þessu er ekki ætlað að hafa í för með sér mikla breytingu frá því sem er að gildandi lögum, en þó er ljóst af orðalaginu, að ætlast er til þess að lækniþróun verði víðtækari heldur en einungis lýtur að athugun á sjón og heyrn viðkomandi manna, svo sem hins vegar hefur verið um alllangt skeið. Mikilvægt er, að skipstjórnarmenn hafi nægjanlega líkamlega og andlega heilbrigði til að sinna ábyrgðarstörfum sínum. Um nánari reglur, varðandi þessi atriði, sem ráðherra setur, ræðir í 20. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla

11.—14. gr. frumvarpsins svara til 24., 25., 26. og 27. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

15. gr. frumvarpsins kemur í stað 30. gr. gildandi laga, en hefur í för með sér nokkrar breytingar. Hefð er fyrir því, að reynt sé að tryggja, eins og kostur er, að þeir, sem hafa áunnið sér réttindi skv. eldri reglum, glati þeim ekki, þótt nýjar og breyttar reglur taki við. Réttlæt看legt þykir, að eldri starfsréttindi taki til stærri skipa en er skv. l. 69/1973, og er starfsreynsla þessara manna þar látin vega á móti aukinni skólamenntun.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er algert nýmæli. Áður hefur ætíð kostað mikla fyrirhöfn og tekið langan tíma að formleg viðurkenning fáist fyrir atvinnuréttindi þeirra manna, sem svo er ástatt um sem hér segir, og hefur það reyndar kostað sérstaka lagasetningu í hvert eitt sinn. Ber brýna nauðsyn til þess, að í lögum sé kveðið á um greiðari málsmeðferð í þessu efni og er því í frumvarpinu lagt til, að samgönguráðherra hafi heimild til þessa, að fenginni umsögn tiltekinnna aðila.

Um VII kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði sem sum hver eru nýmæli.

Um 17. og 18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, a. m. k. hvað varðar almenn ákvæði í þessa átt, en sérstakri „mönnumarnefnd“ hefur reyndar þegar verið komið á, varðandi kaupskip. Nauðsynlegt er, að tryggt sé í lögum, að unnt sé með stjórnvaldsákvörðun, að víkja frá fyrirmælum laga um fjölda skipstjórnarmanna o. þ. h., ef sérstakar ástæður mæla með því eða krefjast þess.

Verður í því sambandi að hafa í huga, að tækniframfarir og breytingar á siglingaháttum geta kallað á þess háttar ráðstafanir, auk þess sem sérstök eða afbrigðileg verkefni, sem viðkomandi skipi eða skipum er ætlað að vinna, geta réttlætt frávik frá meginreglunum. Er með ákvæðum frumvarpsins reynt að tryggja, að „mönnunarnefndin“ sé þannig skipuð, að ákvarðanir hennar verði ekki tortryggðar. Í drögum að reglugerð um mönnunarnefnd, sem lögð eru fram sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru settar fram skýrar reglur, sem eiga að fullnægja því skilyrði 18. gr. frumv., að „í mönnunarnefnd eigi sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu“.

Um 19. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild handa ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum um skilyrði til starfsréttinda og um ráðgefandi nefnd í því sambandi, en þess háttar „undanþágunefnd“ hefur þó starfað um alllangt skeið án sérstakrar lagaheimildar.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta stendur í tengslum við 10. gr. frumvarpsins, en þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

VIÐAUKI

Úr l. 66/1946 um atvinnaréttindi á íslenskum skipum.

II.KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslensku skipi, 6—30 rúmllestir að stærð, hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af atvinnumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra stýrimanna-skólans í Reykjavík, um að hann:

- a. þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun,
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær,
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort,
- d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort,
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki,
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara,
- g. þekki reglur um lífgun drukknadra manna,
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn,
- i. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti,
- j. sanni með sjóferðabók eða vottorðum, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmllestir í 18 mánuði,

k. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem atvinnumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorða um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.“

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslensku fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskip, sem:

- a. staðist hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
- c. er lögráður;
- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðist hefur fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi 30 rúmlestir eða stærra; eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 60 rúmlestir;
- c. er lögráður;
- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórarmenn á verslunarskipum og varðskipum ríkisins.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á verslunarskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á verslunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 6. greinar þessara laga, stafl. a. c. d. og e:

hefur verið stýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og þar af 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði og stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 12 mánuði,

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði;

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði og auk þess skipstjóri á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingu á íslensku verslunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir að stærð hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á verslunarskip.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á verslunarskipi, sem auk þess að fullnægja skilyrðum 8. gr. þessara laga, stafl. a.c.d. og e:

hefur verið háseti eftir 16 ára aldur í 48 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestir, og þar af 12 mánuði fullgildur háseti á verslunarskipi eða varðskipi;

eða: hefur verið 12 mánuði skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti í 6 mánuði eða viðvaningur í 12 mánuði á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir;

eða: hefur verið 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og auk þess fullgildur háseti á verslunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði eða viðvaningur á slíku skipi í 12 mánuði.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- eða utanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi af hvaða stærð sem er, hefur sá einn, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi, sem:

- a. hefur staðist farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
 - eða: hefur verið stýrimaður í 36 mánuði á verslunarskipi yfir 100 rúmlestir og af þeim tíma 24 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verslunarskipi yfir 400 smálestir;
 - eða: hefur verið skipstjóri í 18 mánuði á verslunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir;
 - eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
- c. er 25 ára að aldri;

- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

Til þess að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á verzlunarskipi af ótakmarkaðri stærð skal hlutaðeigandi sanna með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem yfirstýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði í utanlandssiglingum.

Geta skal þess á skírteini, sem gefið er út samkvæmt þessari grein, hvort það gildir fyrir utan- eða innanlandssiglingar eða fyrir hvorttveggja.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðist farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 48 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, timburmaður eða bátsmaður í utanlandssiglingum;
eða: hefur verið háseti eftir 16 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 24 mánuði, og af þeim tíma 12 mánuði sem fullgildur háseti, bátsmaður eða timburmaður í utanlandssiglingum, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 24 mánuði;
- c. er lögráður;
- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins allt að 100 rúmlestir hefur sá einn, er:

- a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf;
- b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 24 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem einn stýrimaður eða yfirstýrimaður;
- c. er lögráður;
- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

18. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir hefur sá einn, er:

- a. fullnægir skilyrðum þeim, er sett kunna að verða um próf;
- b. hefur siglt sem stýrimaður á varðskipum í 36 mánuði og þar af eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir;
eða: hefur siglt sem skipstjóri á varðskipi allt að 100 rúmlestir í 6 mánuði og sem yfirstýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir í 6 mánuði;
- c. er 25 ára að aldri;
- d. hefur ekki verið dæmdur fyrir verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

19. gr.

Sá, er öðlast hefur réttindi sem skipstjóri á varðskipum ríkisins yfir 100 rúmlestir, á rétt á að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslensku verslunarskipi af ótakmarkaðri stærð, en þó því aðeins í utanlandssiglingum, að hann hafi siglt í 12 mánuði sem stýrimaður í utanlandssiglingum á verslunarskipi yfir 400 rúmlestir.

Hins vegar getur sá, er fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á verslunarskipi, öðlast réttindi til þess að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins, ef hann hefur siglt í 12 mánuði sem stýrimaður á varðskipi yfir 100 rúmlestir og fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir því að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins.